

## Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsögötu 4, 4. hæð, miðvikudaginn 25. nóvember 2014 og hófst kl. 15.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Haraldur Blöndal, Hilmar Hilmarsson, Hjörtur Hjartarson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Sigríður D. Þorvaldsdóttir, Sigurður Pálsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þórhildur S. Sigurðardóttir. Brynhildur Þórarinsdóttir, Dóra Jakobsdóttir, Gunnhildur Stefánsdóttir og Guðrún Rögnvaldardóttir tilkynntu forföll. Stanisław Jan Bartoszek og Steinunn Mar mættu ekki. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Úttekt á efndum íslenskrar málstefnu

Sjá fg. stj. ÍM 9/2014, 3. lið. Drög að úttekinni voru send til aðalmanna í Málnefndinni fyrir fundinn og þeir beðnir að gera athugasemdir við þau. Formaður greindi frá vinnunni við úttektina. Dóra Jakobsdóttir, Brynhildur Þórarinsdóttir og Eiríkur höfðu sent formanni athugasemdir fyrir fundinn.

Formaður sagði að það helsta sem hefði áunnist hvað varðar lagalega stöðu íslensku er að samþykkt voru lög um íslenska tungu nr. 61/2011. Málstefna Stjórnarráðsins var einnig samþykkt 16. nóv. 2012. Ekki hefur hins vegar enn verið ráðinn málfarsráðunautur Stjórnarráðsins þótt kveðið sé á um það í málstefnu þess.

Eiríkur sagði að ýmislegt hefði gerst í tölvumálum og máltækni frá því að málstefnan var samin en fátt af því hefði orðið vegna atbeina ríkisins.

Haraldur Blöndal lagði til að ríkið sæi til þess að allir landsmenn hefðu opinn aðgang að snara.is. Tekið var vel í þetta. Haraldur lagði einnig til að íðorðaumfjöllun í úttektinni, sem nú væri á nokkrum stöðum, væri safnað saman á einn stað í henni og fjallað skipulega um þau.

Anna sagði að enskan væri orðin mjög algeng í ferðaþjónustunni.

Hjörtur lagði til að Málnefndin léti útbúa einfaldar leiðbeiningar sem hægt væri að láta fylgja með óskum til aðila um gerð málstefnu. Öllum leist vel á þessa hugmynd. Melkorka sagði að þetta gæti verið sniðmát með leiðbeiningum sem geyma mætti á nýrri heimasíðu nefndarinnar.

Steinunn sagði að umfang útgefins prentmáls hefði dregist mikið saman á síðustu árum en vefmiðlar hefðu eflst. Fréttamiðlar væru ekki skýrt aðgreindir frá samfélagsmiðlum í huga margra. Steinunn sagði að það væri sérkennilegt að engin íslenskukennsla væri hluti af námi í fjölmiðlafræði, hvorki í HÍ né HA. Aðalvinnutæki fjölmiðlafólks væri íslenska. Setja þyrfti þetta á oddinn. Sigurður nefndi að fjölmiðlafræði væri ekki til án tungumálsins.

Skjalið verður sent aftur til nefndarinnar til umfjöllunar áður en því verður skilað til ráðherra.

## 2. Önnur mál

### a) Ný vefsíða ÍM

Jóhannes ritari sagði frá nýrri heimasíðu Íslenskrar málnefndar sem nú hefði verið tekin í gagnið. Síðan er á sama léni og áður, <http://islenskan.is>, og taldi ritari að í léninu fælust verðmæti. Vinna við síðuna hófst í lok sumars. Ritari hannaði skipulag hennar og sá um samskipti við vefhönnuðinn, Ingu Maríu Sverrisdóttur. Síðan er byggð á vefumsjónarkerfinu Joomla og er vistuð hjá vefhýsingarfyrirtækinu 1984 (<http://1984.is>). Ritari óskaði eftir ábendingum um atriði til að bæta við síðuna eða sem mætti laga. Eiríkur lagði til að bætt yrði við síðu með gagnlegum íslenskutenglum. Nefna mætti þessa tenglasíðu málföng.

b) Mál og mannréttindi – Málræktarþing Íslenskrar málnefndar 15. nóv. í Iðnó  
50 ára afmælistálfélag ÍM var haldið 15. nóvember í Iðnó (sjá dagskrá hér: <http://islenskan.is/8-frettir/20-malraektarthing-2014>). Þingið tókst mjög vel og var nú haldið í tengslum við hátíðardagskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis í tilefni af degi íslenskrar tungu. Öll dagskráin var táknmálstúlkuð.

### c) Forgangsröð í íslenskri málstefnu

Í tengslum við umræðu um úttekt á efndum íslenskrar málstefnu var rætt um endurskoðun málstefnunnar. Lagt var til að í næstu útgáfu hennar yrði lögð áhersla á færri atriði en í núverandi málstefnu. Þannig hefði hún meiri áhrif.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 17.00.

Guðrún Kvaran  
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson  
sign.